

Fimmtudaginn 1. apríl 1993.

Nr. 46/1993.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Hallgrími Ævari Mason

(Björgvin Þorsteinsson hrl.) og

Stefáni Einarssyni

(Jón Magnússon hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Eignarupptaka. Dráttur á málsmeðferð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. janúar 1993 að ósk ákærðu, en einnig af ákærvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu. Í munnlegum málflutningi fyrir Hæstarétti var af hálfu ákærvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Málsatvik eru skilmerkilega rakin í hinum áfrýjaða dómi. Með skírskotun til forsendna hans ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og færslu til refsíákvæða. Þá verða ákvæði dómsins um upptöku og sakarkostnað staðfest.

Mikill dráttur varð á meðferð máls þessa, þar til það var fengið dómara þeim, er kvað upp héraðsdóminn. Lögreglurannsókn var lokið í júlí 1988, og var málið þá sent ríkissaksóknara, en ákæra var ekki gefin út fyrr en 27. júlí 1990. Ákæra var birt ákærða Stefáni Einarssyni 17. desember 1990. Málið var hins vegar ekki þingfest fyrr en 2. nóvember 1992, en ákæra var fyrst birt ákærða Hallgrími Ævari Mason 19. október sama ár. Með hliðsjón af þessu þykir mega staðfesta ákvörðun héraðsdómara um refsingu beggja ákærðu.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

Samkvæmt skýrslum rannsóknarlögreglu var vottur ekki alltaf viðstaddur yfirheyrslur eða upplestur á skýrslum ákærðu, heldur vottaði einungis undirritun þeirra. Var þetta ekki í samræmi við 37.

gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, sbr. nú 2. mgr. 72. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Hallgrímur Ævar Mason greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Ákærði Stefán Einarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Annar áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. desember 1992.

Ár 1992, mánudaginn 14. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. SÁ-10/1992: Ákærvaldið gegn Hallgrími Ævari Mássyni og Stefáni Einarssyni, sem tekið var til dóms 23. f. m.

Málið er höfðað fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. júlí 1990, á hendur ákærðu, Hallgrími Ævari Mássyni, Hábergi 3, kennitala 300543-2199, og Stefáni Einarssyni, Laufásvegi 25, kennitala 301248-3429, báðum í Reykjavík.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir að hafa á tímabilinu frá desember 1985 til nóvember 1987 í félagi staðið að innflutningi á samtals 67-70 kg af hassi hingað til lands í ágóðaskyni.

Ákærði Stefán keypti hassið í Hollandi á um 100.000-120.000 kr. hvert kg og sendi það hingað til lands frá Belgíu sjóleiðis, falið í málningardósum.

Ákærði Hallgrímur Ævar seldi megnið af hassinu í Reykjavík, samtals um 51-54 kg, að miklu leyti fyrir milligöngu Bryndísar Valbjörnsdóttur, kt. 030157-2149, og fengu ákærðu 370-430 kr. fyrir hvert selt gramm. Ákærði Hallgrímur Ævar seldi sjálfur Kristjáni Aðalsteinssyni, kt. 041157-5859, samtals allt að 2 kg á 350-400 kr. hvert gramm nærri áramótum 1985/1986.

Ofangreint hassefni barst hingað til lands svo sem hér greinir:

1. 17. desember 1985 með ms. Eyrarfossi til Hafnarfjarðar, um 6-7 kg,
2. 17. mars 1986 með ms. Eyrarfossi til Reykjavíkur, um 2,5-3 kg,

3. 4. maí 1986 með ms. Álafossi til Hafnarfjarðar, um 4-4,4 kg,
4. 8. júlí 1986 með ms. Eyrarfossi til Reykjavíkur, um 7 kg,
5. 7. október 1986 með ms. Álafossi til Hafnarfjarðar, um 10 kg,
6. 2. desember 1986 með ms. Álafossi til Reykjavíkur, um 10,5 kg,
7. 3. mars 1987 með ms. Eyrarfossi til Reykjavíkur, 4,5-5,8 kg,
8. 1. júní 1987 með ms. Álafossi til Reykjavíkur, um 12 kg,
9. nóvember 1987 með ms. Eyrarfossi til Reykjavíkur, 10.733,1 g, og lagði lögreglan hald á allt það efni 16. s. m. við bílskúr að Giljalandi 5, Reykjavík, sem ákærðu höfðu til afnota.

Telst þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar og jafnframt til að sæta upptöku samkvæmt 5. og 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fikniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fikniefna nr. 16/1986 á eftirgreindu hassi, munum, sem notaðir voru við meðferð efnisins, og fjármunum:

1) framangreindum 10.733,1 g af hassi og enn fremur á 45,6 g af efninu, sem lagt var hald á í sama skipti,

2) „lofttæmingarvél“, sem lagt var hald á í sama skipti og ákærðu notuðu við að pakka inn hassi,

3) tölvugrammavog, sem ákærðu notuðu við vigtun á hassi og lagt var hald á 18. nóvember 1987 í herbergi að Ástúni 12, Kópavogi, sem ákærðu höfðu til afnota,

4) 80.000 kr. og enn fremur á þremur tékkaeyðublöðum, nr. 2069738-2069740, á ávisanareikning nr. 43414 við Alþýðubankann hf., Laugavegi 31, Reykjavík, hver að fjárhæð 50.000 kr., út gefnum af Kristjáni Aðalsteinssyni, en fjármuni þessa móttók ákærði Hallgrímur Ævar sem greiðslu fyrir sölu á hassi“.

Mál þetta hafði ekki verið þingfest, þegar sakadómur í ávana- og fikniefnamálum var lagður niður 30. júní sl. með lögum nr. 19/1991, og fluttist málið því samkvæmt bráðabirgðaákvæði 197. gr. áðurgreindra laga til dómsins, og var dómaramum falið það til meðferðar 14. október sl. og fyrir-kall gefið út í málinu 16. sama mánaðar.

Málavextir.

Í lok ágúst 1987 gerði Helgi Skúlason, rannóknarlögreglumaður hjá ávana- og fikniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík, skýrslu um það, að undanfarið hefði farið fram rannsókn hjá deildinni á innflutningi á verulegu magni af hassi frá Belgíu. Stæðu ákærðu, Hallgrímur Ævar Músson og Stefán Einarsson, að þessum innflutningi.

Í skýrslunni kemur fram, að með rannsókn og aðstoð upplýsingaaðila

hafi lögreglan komist að því, að hassið sé flutt til landsins í málningu, sem komi til landsins eins og hver önnur vörusending. Ákærði Stefán fari alltaf til útlanda með mikla fjármuni og sjái um að kaupa hassið og koma því fyrir í málningunni, en ákærði Hallgrímur Ævar veiti sendingunni viðtöku hérlandis og komi efninu í dreifingu. Ekki sé vitað, með hvaða hætti eða hvort ákærði Stefán sjái einn um kaupin á hassinu erlendis og pökkun á því.

Í skýrslunni kemur fram, að ákærðu komist yfir nægilegt magn af gjaldreyri þrátt fyrir ströng gjaldreyrishöft með því að stunda annan innflutning á verðlausum tölvuhlutum frá Þýskalandi. Þetta geri þeir með því, að ákærði Stefán komist yfir verðlausa tölvuhluti og sendi þá til landsins til fyrirtækis ákærða Hallgríms Ævars, sem heiti Evelyn. Með þessu hafi hann sent háa falsaða reikninga, en á þá hafi hann sett nafnið STEFAN computer parts Munster. Ákærði Hallgrímur Ævar leysi síðan þessa tölvuhluti út og fái tékka í þýskum mörkum í bönkum hérlandis til greiðslu á reikningunum, og hafi ákærði Stefán síðan framselt þessa tékka í bönkum í Þýskalandi. Þá hafi ákærði Stefán tekið út mikinn gjaldreyri í bönkum erlendis út á greiðslukort. Segir í skýrslunni, að ákærðu hafi á sl. tveimur árum náð út gjaldreyri að fjárhæð um 11.000.000 íslenskra króna, þ. e. um 275.000 Bandaríkjadala.

Í skýrslunni segir, að ákærðu hafi flutt málninguna til landsins á nafni Kristjáns Guðmundssonar, box 30, Hafnarfirði, svo að ekki sé hægt að rekja til þeirra, ef eitthvað fari úrskaiðis á leiðinni, en Kristján þessi sé Íslendingur, sem búíð hafi sl. 17 ár í Bandaríkjunum og sé á engan hátt viðriðinn málið, svo að vitað sé, heldur hafi ákærðu aðeins notað nafn hans.

Fram kemur, að samkvæmt reikningum, sem hafi fylgt málningunni, sé hún keypt hjá fyrirtækinu V. Vanderstuyf, Cornostraat 128, 2000 Antwerpen, og að ekki sé vitað um nein tengsl ákærðu við það fyrirtæki. Málningunni hafi síðan verið komið til afgreiðslu Eimskipafélags Íslands í Antwerpen og hún síðan send til Íslands með Álafossi eða Eyrarfossi, en annað hvort skipið sé vikulega í Antwerpen. Ákærðu eru sagðir hafa frá því í desember 1985 sent átta sendingar sem þessar, og hafi yfirleitt verið 10-11 kassar í hverri sendingu, en í hverjum kassa séu fjórar 5,45 kg dósir af þakmálningu.

Dagsetningar reikninganna frá V. Vanderstuyf eru sagðar 4.12. 1985, 4.3. 1986, 11.4. 1986, 24.6. 1986, 23.9. 1986, 17.11. 1986, 8.2. 1987 og 19.5. 1987. Þá segir, að yfirleitt hafi liðið um vika frá dagsetningu reikningsins og þar til málningin hafi verið afhent umboðsaðila Eimskipafélagsins í Antwerpen. Ákærði Stefán hafi að jafnaði farið til útlanda u. þ. b. viku fyrir dagsetningu reikninganna og hann þá flogið til Lúxemborgar og farið

þaðan til Þýskalands, þar sem hann hafi dvalist nokkra daga og innleyst tékkana fyrir tölvuhlutunum í banka. Af yfirlitum yfir úttektir ákærða Stefáns á greiðslukort megi sjá, að hann hafi síðan farið til Antwerpen og verið þar um svipað leyti og reikningarnir séu gefnir út og málningin afhent umboðsmanni Eimskipafélagsins. Á sama hátt megi sjá, að ákærði Stefán hafi oftast haft viðkomu í Amsterdam, áður en hann fór til Antwerpen. Ákærði Stefán hafi síðan, eftir að málningin var lögð af stað til Íslands, farið eitthvað annað, t. d. til Bandaríkjanna, Singapore, Ítalíu eða Spánar og dvalist þar og ekki komið aftur til Íslands, fyrr en eftir að málningin hafði örugglega verið leyst út úr tolli á Íslandi.

Þess er getið í skýrslunni, að ákærði Stefán hafi sést á gangi í Amsterdam 14. nóvember 1986 ásamt manni að nafni Þorsteinn Kragh, sem sé vel þekktur hjá íslensku fíkniefnalögreglunni og hafi, svo að vitað sé, útvegað hass fyrir Íslendinga í Amsterdam.

Í skýrslunni kemur fram, að rannsókn máls þessa sé vel á veg komin hér á landi, vitað sé um innflutningsleiðina, leiðir til öflunar gjaldeyris og dreifingu efnisins hér á landi. Hafi komið fram, að allar þessar leiðir séu mjög flóknar og vel skipulagðar og miði allar að því, að ekki verði hægt að rekja innflutninginn til ákærðu.

Í skýrslunni segir, að vitað sé, að ákærðu séu nú að afla gjaldeyris til næstu ferðar, og muni þeir á næstu dögum ná út a. m. k. 1.500.000-1.700.000 íslenskra króna í gjaldeyri, sem ákærði Stefán muni fara með til útlanda og kaupa hass og flytja til landsins með sama hætti og þeir hafi áður gert. Ætlunin sé að grípa inn í, þegar ákærði Hallgrímur Ævar leysi þessa sendingu út úr tolli hér, og handtaka hann. Litlar sannanir muni þá liggja fyrir um þátt ákærða Stefáns, og því sé nauðsynlegt að afla gagna um þátt hans í þessu erlendis.

Fram kemur í skýrslunni, að ekki sé vitað, hversu mikið hass ákærðu hafi flutt með þessum hætti til landsins, en út frá þeim upphæðum í gjald-eyri, sem ákærði Stefán hafi farið með utan hverju sinni, og umfangi dreifingar ákærða Hallgríms Ævars megi ætla, að í hverri sendingu af hassi séu a. m. k. 10 kg af hassi, en lagt hafi verið hald á nokkur hundruð grömm af hassi, sem komið hafi frá ákærða Hallgrími Ævari. Alltaf sé um sams konar hass að ræða, mjög dökkt á lit, í u. þ. b. 250 gr sporöskjulöguðum, þykkum og vakúmpökkuðum kökum.

Miðvikudaginn 11. nóvember 1987 voru kveðnir upp úrskurðir í saka-dómi í ávana- og fíkniefnamálum um heimild til húsleitar heima hjá ákærða Stefáni að Boðagranda 6 og heima hjá ákærða Hallgrími Ævari að Hábergi 3 í Reykjavík. Kom fram í kröfugerð lögregluýfirvalda um heimild til leitarinnar, að ákærði Stefán væri nýkominn til landsins, og um sama leyti hefði borist til Hafnarfjarðar málningarsending frá útlöndum. Verður síðar gerð

grein fyrir leit hjá ákærðu samkvæmt þessum úrskurðum, en þær fóru ekki fram, fyrr en eftir að ákærðu höfðu verið handteknir. Verður nú gerð grein fyrir aðdraganda þess.

Samkvæmt skýrslu Arnars Jenssonar lögreglufulltrúa, dagsettri 16. nóvember 1987, voru hann, níu aðrir rannsóknarlögreglumenn og tollvörður við stöðugt eftirlit á 12 kössum af málningu, sem hver um sig innihélt fjórar fimm lítra dósir, en málningin var í vörugeymslu Eimskips í Hafnarfirði. Var ætlunin að sjá, hver myndi sækja vöruna og hvert hún færi, en varan var stíluð á innflutningsfyrirtækið Kristján Guðmundsson, box 30, Hafnarfirði. Eftirlit þetta var til komið vegna þeirra grunsemda, sem áður er um getið, þ. e., að ákærðu stæðu að innflutningi fíkniefna í sendingunni.

Verður nú rakin atburðarás umræddan dag, eins og henni er lýst í skýrslu Arnars.

Umræddan dag klukkan 14.20 kom ákærði Stefán akandi í bifreið sinni, R 46521, hvítari og grárra GMC-bifreið, að afgreiðslu tollsins við Suðurgötu í Hafnarfirði. Ákærði lagði bifreiðinni og gekk inn í afgreiðsluhúsið og fylgdist með bifreiðarstjóra á sendibifreið frá Nýju sendibílastöðinni, en hann var þá að gera upp gjöld vegna umræddrar sendingar. Ákærði gekk út, áður en bifreiðarstjórinn hafði lokið uppgjörinu, og ók rակleitt eftir Fjarðargötu að afgreiðslu Eimskipafélagsins. Þar fór hann út úr bifreiðinni og gekk inn í afgreiðsluskúr. Eftir skamma stund kom hann út úr skúrnum og gekk um svæðið fyrir utan skemmuna og leit í allar áttir. Þá settist hann aftur inn í bifreiðina og ók að nýju eftir hafnarbakkanum, Fjarðargötu og að tollafgreiðslunni, þar sem bifreiðarstjórinn var enn að ganga frá pappírnum yfir sendinguna. Ákærði lagði bifreið sinni í stæði strætisvagna, fór úr bifreiðinni og gekk yfir bifreiðastæðið fyrir framan tollafgreiðsluhúsið, síðan til baka og inn í bifreiðina að nýju. Þá ók hann sömu leið til baka að vöruafgreiðslu Eimskipafélagsins. Þar sat hann og horfði í kringum sig, þar til sendibifreiðin kom að afgreiðslunni.

Bifreiðarstjórinn fór inn í afgreiðsluna, en ákærði fór út úr bifreið sinni og gekk um svæðið um stund, en fór síðan á eftir mannum inn í afgreiðsluskúrinn. Hann var þar stutta stund og fylgdist með afgreiðslu pappíranna. Þá gekk hann út og litaðist um, fór inn aftur, og er pappírarnir höfðu verið afgreiddir, fór hann út og beið við bifreið sína, þar til búið var að afgreiða pakkana úr skemmuni í sendibifreiðina. Þá ók ákærði hægt um hafnarvæðið fram og til baka, þar til sendibifreiðin lagði af stað með pakkana. Þá ók ákærði bifreið sinni, sem leið lá frá höfninni upp Hjallabraut, og þar með lauk eftirliti með ákærða Stefáni að sinni.

Nokkrir lögreglumanna eltu sendibifreiðina frá vöruafgreiðslunni suður Fjarðargötu, um Lækjargötu allt að Reykjanesbraut, hana í vestur

að nýju Reykjanesbrautinni og eftir henni í átt til Reykjavíkur, fram hjá Breiðholti, að Elliðavogi og vestur Kleppsveg, en gegnt Holtagörðum tók bifreiðin U-beygju inn á Holtaveg og inn á bifreiðastæði við Kleppsveg 142, en þar var hún stöðvuð.

Á bifreiðastæði við Holtaveg gegnt Þróttheimum sat ákærði Hallgrímur Ævar í bifreið sinni, svartri Lancia-bifreið, R 60998. Hann beið um stund í bifreiðinni, en ók síðan inn á stæðið, þar sem sendibifreiðin var, og hafði tal af öikumanni hennar. Eftir það var báðum bifreiðunum ekið af stað, ákærði Hallgrímur Ævar á undan. Lögreglumennirnir veittu bifreiðunum eftirför um Holtaveg, austur Langholtsveg, suður Skeiðarvog, suður Réttarholtsveg, niður Hörgsland og inn í Giljaland, en þar var sendibifreiðinni lagt við bílskúr, sem tilheyrir Giljalandi 5. Lagði ákærði Hallgrímur bifreið sinni þar við. Ákærði opnaði síðan skúrinn með lykli, og hjálpuðust hann og bifreiðarstjórinn að við að bera kassana inn í skúrinn.

Lögreglumennirnir handtóku síðan ákærða Hallgrím Ævar og bifreiðarstjórann klukkan 15.15, en þá höfðu þeir lokið við að bera um helminginn af kössunum inn í skúrinn. Ákærði og bifreiðarstjórinn veittu ekki mótþróa, en voru færðir í handjárn og fluttir á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Þar var ákærði færður í fangageymslu, en bifreiðarstjórinn í yfirheyrslu. Honum var sleppt að henni lokinni, þar sem hann virtist ekki viðriðinn málið. Við athugun á málningardósunum kom í ljós, að í þeim voru 10,7 kg af hassi.

Um svipað leyti og áðurgreindir atburðir urðu, voru þrír aðrir starfsmenn lögreglunnar í Reykjavík að fylgjast með ferðum ákærða Stefáns við heimili hans að Boðagrandu 6 í Reykjavík. Klukkan 15.20 veittu þeir því athygli, að ákærði kom akandi að húsinu. Gáfu lögreglumennirnir sig þá fram og handtóku hann. Þegar eftir handtöku ákærða tóku lögreglumennirnir eftir því, að kona hafði fylgst með aðgerðum lögreglunnar fyrir utan húsið úr glugga á stigangangi þess. Virtist lögreglumönnum, að þar væri vinkona ákærða, og þegar hún varð þess vör, að eftir sér hafði verið tekið, hvarf hún í skyndi úr glugganum. Fóru þá lögreglumennirnir inn í húsið og hringdu bjöllu við dyr inn í íbúð ákærða, en ekki var svarað. Spurðu þá lögreglumennirnir ákærða, hvort einhver væri inni í íbúð hans, og játaði hann því og sagði, að þar væri vinkona sín. Að beiðni lögreglumannanna afhenti hann þeim lykla að íbúðinni og gaf þeim heimild til að fara inn. Gerðu þeir það, og var þar inni Ólöf Ágústsdóttir, sem samþykkti að fara með lögreglumönnum. Á lögreglustöðinni voru ákærði og Ólöf færð í fangageymslur lögreglunnar.

Laust eftir klukkan 16 umræddan dag hófust yfirheyrslur hjá lögreglu fyrir ákærðu.

— — —

Niðurstöður.

Fram er kómið, að ákærðu játuðu báðir við rannsókn hjá fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík, að þeir hefðu staðið að þeim innflutningi, sem þeim er gefinn að sök í ákæru, svo og, að ákærði Hallgrímur Ævar hefði staðið að sölu efnisins hér á landi, en innflutningur þessi fór augljóslega fram í ágóðaskyni.

Ákærðu fengu báðir skipaða réttargæslumenn í þinghaldi í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 17. desember 1987. Ákærðu óskuðu þó ekki eftir því, að réttargæslumennirnir væru viðstaddir yfirheyrslur yfir þeim.

Ákærði Hallgrímur Ævar viðurkenndi í yfirheyrslu hjá lögreglu þegar 19. nóvember 1987, að ákærðu hefðu rætt um það, að ákærði Stefán hygðist kaupa málningu og fíkniefni, þegar hann fór utan í október 1987. Kvaðst ákærði ekki vita, að fíkniefni hefðu verið í málningunni, en hann hefði alveg getað átt von á því. Í þessari yfirheyrslu viðurkenndi ákærði að hafa selt Bryndísi Valbjörnsdóttur um 300 gr af hassi, sem tengdust ekki þessu máli, en væru keypt af öðrum aðila, sem hann vildi ekki upplýsa, hver væri.

Í yfirheyrslu 1. desember og síðari yfirheyrslum yfir ákærða Hallgrími Ævari viðurkenndi hann, að ákærðu hefðu staðið að innflutningi á hassi, sem falið hefði verið í málningarsendingum, og taldi upp þær níu sendingar, sem frá greinir í ákæru. Í síðari lögregluyfirheyrslum bar ákærði með sama hætti og gaf ýtarlegri upplýsingar, eins og rakið hefur verið.

Í dómsyfirheyrslu 22. desember 1987 viðurkenndi ákærði Hallgrímur Ævar innflutning á 65,5 kg af hassi í félagi við ákærða Stefán og sölu þess að frádregnu því, sem hald var lagt á, þegar ákærðu voru handteknir. Í dómsyfirheyrslu viku síðar gerði ákærði síðan frekari grein fyrir kaupunum og hagnaðarskiptingu ákærðu.

Ákærði Stefán skýrði frá aðild sinni að málinu í samræmi við það, sem fram kemur í ákærinni um þátt hans í málinu, í fimm yfirheyrslum, sem þegar hefur verið gerð grein fyrir, þ. e. 20., 25. og 30. nóvember og 2. og 8. desember 1987. Í skýrslutöku 9. desember neitaði ákærði að undirrita yfirheyrsluskýrsluna, sem snerist um lýsingu á leigu á herbergjum í Reykjavík og Kópavogi. Skýrslur ákærða Stefáns 22. desember og 28. desember 1987 eru síðan á annan veg, og 2. janúar 1988 segir ákærði fullum fetum í yfirheyrslu hjá lögreglu, að allar játningar sínar um fíkniefnamisferli séu rangar.

Áður eru komnar fram skýringar ákærðu á breyttum framburði, en þeim skýringum hafa lögreglumenn þeir, sem rannsökuðu málið, neitað sem röngum.

Dómurinn hafnar með öllu skýringum ákærðu á breyttum framburði, og er ósannað með öllu, að ákærðu hafi verið beittir þvingunum og hót-

unum til að játa það, sem þeim er gefið að sök. Ákærðu höfðu báðir aðgang að réttargæslumönnum, sem þeir gátu leitað til, ef þeir teldu sig beitta harðræði. Það gerði hvorugur þeirra, og ákærði Hallgrímur Ævar staðfesti allt það, sem ákærðu er gefið að sök, í tveimur dómshofurhlutum í desember 1987. Sá framburður ákærða Hallgríms Ævars er í samræmi við framburð ákærða Stefáns í fimm yfirheyrslum hjá lögreglu. Þá styrkir það framburð ákærða Hallgríms Ævars og lögregluframburð ákærða Stefáns, að ákærði Stefán var jafnan í Belgíu nokkrum dögum áður en sendingarnar níu voru sendar til landsins. Frásögn ákærða Stefáns um tölvuborðaviðskiptin er ótrúverðug, og mikil fjárráð hans skýrast ekki af fram töldum tekjum hans á þessum árum. Smyglsaga ákærða Stefáns hefur enga stöð í gögnum málsins, þvert á móti er upplýst, að ákærði hafi sætt leit tollgæslumanna tvívegis við komu til landsins á þessum árum, án þess að nokkur smyglvarningur myndist í fórum hans nema tveir hnífar og lítið sjónvarpstæki. Ákærði Stefán hefur getað sýnt fram á, að hann hafi fengið meira fyrir sölu á krönnunum tveimur en fram kemur í afsölum vegna sölu þeirra, en hún fór fram árið 1983 og skýrir ekki fjárráð hans á árunum 1986 og 1987. Ljóst er, að langar ferðir ákærða í útlöndum hefur hann tæpast getað greitt af tekjum sínum, og engin gögn liggja fyrir um það, að ákærði hafi með eðlilegum hætti getað aflað sér þeirra háu fjárhæða, sem runnið hafa um hendur hans á árunum 1986 og 1987.

Dómurinn hafnar þeirri frásögn ákærða Stefáns, að hann hafi staðið að hinum sérstæðu sendiferðum með fé til Mike Henry vegna málningarsendinga hingað til lands án þess að vita, hvað var að gerast. Þá þykir sú háttsemi ákærða að standa að leigutöku húsnæðis víðs vegar um Reykjavík og í Kópavogi undir fölskum nöfnum eindregið benda til þess, að ákærða hafi verið fullljóst og átt fullan þátt í fíkniefnainnflutningi í málningarsendingunum níu. Síðbúinn framburður ákærða Hallgríms Ævars um tilraunasendingar á málningu í fleiri skipti er ekki marktækur, þegar lítið er á málið í heild. Loks er ljóst, að allt það mikla fé, sem ákærði Stefán flutti úr landi til Mike Henry, hefur ekki farið til hans til kaupa á málningu einni saman, og gat það ekki dulist ákærða, en fyrir liggja í málinu gögn um gjaldeyriskaup fyrir milljónir. Loks bendir fundur á merkipenna í fórum ákærða Stefáns með sama lit og var á hringum, sem merktir voru á málningarkassana með hassinu í sendingunni, sem lagt var hald á, til þess, að ákærði hafi átt þátt í merkingunni.

Þegar allt er virt, sem nú var rakið, er sannað með játningu ákærða Hallgríms Ævars hjá lögreglu og fyrir dómi fyrir útgáfu ákæru og játningu ákærða Stefáns fimm sinnum hjá lögreglu, en þessar játningar þykja hafa stöð í öðru, sem fram er komið í málinu og rakið hefur verið, að ákærðu hafa gerst sekir um að hafa í félagi staðið að því á tímabilinu frá desember

1985 til nóvember 1987 að flytja til landsins hass í ágóðaskyni. Þá er sannað með játningu ákærða Hallgríms Ævars, að hann hefur staðið að sölu á 51-54 kg af hassi því, sem ákærðu fluttu inn.

Samkvæmt framburði ákærða Hallgríms Ævars viðurkenndi hann fyrir dómi 22. desember 1987, að innflutningur ákærðu á hassi hefði numið 65,5 kg. Ákærði Stefán bar hins vegar um 70 kg í yfirheyrslunni 8. desember. Þykir rétt að miða við framburð ákærða Hallgríms Ævars í þessu efni ákærðu til hagsbóta, og verður því talið, að magnið hafi verið sem næst 65,5 kg, en ekki 67-70 kg.

Með hliðsjón af dómi yfir Bryndísi Valbjörnsdóttur frá 21. apríl sl., þar sem niðurstaðan er sú, að ákærði hafi selt á umræddu tímabili 6,5 kg af hassi fyrir ákærða Hallgrím Ævar, verður ekki fullyrt í máli þessu, að Bryndís hafi selt meira magn af efninu fyrir hann.

Þá verður einnig byggt á því í máli þessu, að því er slegið föstu í dómi yfir Kristjáni Aðalsteinssyni 15. desember 1988, að hann hafi keypt af ákærða Hallgrími Ævari rétt liðlega 1 kg af hassi á því tímabili, sem mál þetta fjallar um. Er því af þessum sökum hafnað, að magn það, sem ákærði Hallgrímur Ævar verður sakfelldur fyrir í máli þessu að hafa selt Kristjáni, sé allt að 2 kg, heldur hafi verið um rétt liðlega 1 kg að ræða.

Brot ákærðu eru rétt færð til refsiakvæðis í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Hallgríms Ævars hefur hann fimm sinnum á árunum 1963 til 1981 gengist með dómsátt undir að greiða sektir, fjórum sinnum fyrir umferðarlagabrot og einu sinni, 9. janúar 1981, fyrir brot á lögum og reglugerð um ávana- og fíkniefni. Þá hefur ákærði einu sinni á þessum árum hlotið sektardóm fyrir ölvun við akstur og verið gert að sæta sviptingu ökuleyfis tímabundið.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Stefáns hefur hann á árunum 1972 til 1974 gengist fjórum sinnum undir að greiða sektir fyrir brot á umferðarlögum.

Öðrum refsingum en að framan greinir hafa ákærðu ekki áður sætt, svo að kunnugt sé.

Refsingar.

Ákærðu verður báðum ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Það þykir verka til þyngingar refsingu ákærðu, að þeir eru báðir fulltíða menn og standa saman að því að flytja inn og koma í sölu mjög miklu magni fíkniefna í von um stórfelldan hagnað. Þá var aðferð sú, sem ákærðu beittu við brot sín, ekki tekin með skyndiákvörðun, heldur þrauthugsuð. Þykir hlutur ákærðu að brotunum jafn, þótt ástæða sé til að ætla, að hugmyndin að framkvæmd þeirra sé komin frá ákærða Stefáni. Allt að einu stóð ákærði Hallgrímur Ævar að brotunum og naut

góðs af þeim hagnaði, sem af þeim hlaust. Ekki er ljóst, hver hreinn hagnaður ákærðu var af brotunum, en ætla má, að hann hafi verið verulegur. Þykir einnig bera að taka tillit til þessa við ákvörðun refsingar ákærðu og ákveða þeim auk refsingar sektir, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar þykir rétt að taka við ákvörðun refsingar ákærðu tillit til þess, hversu lengi það hefur dregist að kveða upp dóm í málinu, en á þeim drætti eiga ákærðu enga sök.

Með hliðsjón af öllu framansögðu þykir refsing ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin fangelsi fjögur ár og 500.000 króna sekt, sem greiða skal innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, ella sæti ákærðu hvor um sig fangelsi í 90 daga í stað sektanna.

Gæsluvarðhald.

Ákærðu sættu báðir, eins og fram er komið, gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins, ákærði Hallgrímur Ævar frá 17. nóvember 1987 kl. 15 til 18. desember 1987 kl. 18.30, í 32 daga, og ákærði Stefán frá sama tíma og ákærði Hallgrímur Ævar og til 22. janúar 1988 kl. 19.40, í 67 daga.

Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að framangreint gæsluvarðhald komi refsivist ákærðu til frádráttar.

Upptaka.

Samkvæmt lagaákvæðum þeim, er í ákæru greinir, ber að gera upptækt til ríkissjóðs það, sem krafa er gerð um í ákæru, þ. e. samtals 10.778,7 g af hassi, lofttæmingarvél, tölvugrammavog, 80.000 krónur í peningum og þrjú tékkaeyðublöð, nr. 2069738-2069740, á tékkareikning nr. 43414 við Alþýðubankann hf., Laugavegi 31 í Reykjavík, hvert um sig með fjárhæðinni 50.000 krónur.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað. Skulu ákærðu hvor um sig greiða skipuðum verjendum sínum málsvarnarlaun, ákærði Hallgrímur Ævar Gísla Gíslasyni héraðsdómslögmanni 160.000 krónur og ákærði Stefán Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni 160.000 krónur. Annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða óskipt, þ. á m. saksóknarlaun til ríkissjóðs, 120.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Hallgrímur Ævar Mátsson og Stefán Einarsson, sæti hvor um sig fangelsi í fjögur ár.

Þá greiði ákærðu hvor um sig 500.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella hvor um sig fangelsi í 90 daga í stað sektanna.

Til frádráttar refsingu ákærðu skal koma gæsluvarðhald þeirra, ákærða Hallgríms Ævars í 32 daga og ákærða Stefáns í 67 daga.

Upptækt er til ríkissjóðs 10.778,7 g af hassi, lofttæmingarvél, tölva-grammavog, 80.000 krónur í peningum og þrjú tékkaeyðublöð, nr. 2069738-2069740, á tékkareikning nr. 43414 við Alþýðubankann hf., Laugavegi 31 í Reykjavík, hvert um sig að fjárhæð 50.000 krónur.

Ákærði Hallgrímur Ævar greiði skipuðum verjanda sínum, Gísla Gíslasyni héraðsdómslögmanni, 160.000 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði Stefán greiði skipuðum verjanda sínum, Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, 160.000 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt, þ. á m. saksóknarlaun til ríkissjóðs, 120.000 krónur.
